

KJARASAMNINGUR
milli
Samtaka atvinnulífsins
og
Mjólkurfræðingafélags Íslands

1. gr.

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við kjarasamning Mjólkurfræðingafélags Íslands og þá sérkjarasamninga sem teljast hluti hans.

2. gr.

Meginmarkmið

Kjarasamningur þessi er framlenging á kjarasamningi aðila sem gildi frá 2019-2022. Að mati samningsaðila styður samningurinn við kaupmátt launa auk þess að veita heimilum og fyrirtækjum fyrirsjáanleika á miklum óvissutímum. Samningurinn geti þannig byggt undir stöðugleika og skapað forsendur fyrir langtímasamningi.

Gildistími

Gildistími samningsins er frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024.

Almenn launahækkun

Launahækkun samningsins er í formi hlutfallshækkunar og hámarks krónutöluhækkunar.

Þann 1. nóvember 2022 taka mánaðarlaun almennri hækkun um 6,75%, þó að hámarki kr. 66.000.

Kauptaxtar

Í stað áðurgildandi launataxta koma nýir sem verða hluti samningsins. Nýir launataxtar gilda frá 1. nóvember 2022.

Kjaratengdir liðir

Kjaratengdir liðir kjarasamnings hækka um 5,0% frá 1. nóvember 2022, nema um annað hafi verið samið.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðast við fullt starf verður:

Á árinu 2023 kr. 103.000.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf verður:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2023 verði orlofsuppbót kr. 56.000.

JEP HÍ
BRB
EVF
1
/6

Hagvaxtarauki 2023

Með hækkun 1. nóvember 2022 hefur hagvaxtarauka skv. kjarasamningi aðila, sem koma átti til greiðslu 1. maí 2023, verið flýtt og að fullu efndur. Jafnframt er samkomulag um að með þessari hækkun og flýtingu komi ekki til frekara endurmats á hagvaxtarauka skv. kjarasamningi 2019 – 2022.

3. gr.

Afgreiðsla kjarasamnings

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamninga 30. desember 2022.

Reykjavík, 22. desember 2022

F.h. Mjólkurfræðingafélags Íslands

Dorður Staupásson
Einar Leif Friðjónsson
Emilía Inga Jónsdóttir
Leifur Ingvamann

F.h. Samtaka atvinnulífsins

Yoni Rúnar Pál
Bjarni R. Brynjólfsson

Kauptaxtar mjólkurfræðinga(MFFÍ) frá og með 1. nóvember 2022

MFFÍ – sömu kauphækkunir og MATVÍS:

Iðnaðarmenn með sveinspróf

1.11.2022

Byrjunarla	525.170
Eftir 1 ár	530.422
Eftir 3 ár	535.726

Bókun

Samningsaðilar munu fylgjast með viðræðum annarra iðnaðarmannafélaga á samningstímabilinu og taka upp viðræður þegar niðurstaða þeirra liggur fyrir.

JRP
BFB
EVF
FIT